

Árið 2019, þriðjudaginn 23. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-175/2018:

**Ákærvaldið**

*(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

gegn

**Hafsteini Oddssyni**

*(Lúðvík Bergvinsson lögmaður)*

svofelldur

**d ó m u r :**

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara 9. ágúst 2018, á hendur Hafsteini Oddssyni

„fyrir eftirtalin brot framín aðfaranótt laugardagsins 17. september 2016 í Vestmannaeyjum:

1. Líkamsárás, með því að hafa framan við skemmtistaðinn Lundann við Kirkjuveg 21, slegið A einu höggi í andlit svo að hún féll við.

2. Stórfellda líkamsárás, brot gegn blygðunarsemi og hættubrot, með því að hafa skömmu eftir atvikið sem lýst er í ákærulið 1, utan við Æ, aftur veist að A með ítrekuðum höggum og spörkum í andlit og búk og klætt hana úr öllum fötunum og því næst yfirgefið hana þar sem hún lá nakin, mikið slösuð og án bjargar í götunni.

Allt þetta var til þess fallið að A hlaut brot í gólfi hægri augntóftar, mar og mjúkpartabólgur á augn- og kinnsvæðum, opinn skurð fyrir ofan vinstra auga sem sauma þurfti saman með 5 sporum, mar á nefi og höku, blóðnasir og blóð í munn, skraprásr aftan á hnakka, roða og skraprásr yfir brjósthrygg, roða og eymsli ofarlega á vinstri rasskinn og ofkælingu.

Telst brot skv. 1. tl. varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 en brot skv. 2. tl. telst varða við 209. gr., 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 220. gr. sömu laga.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 8.000.000, auk vaxta skv. III kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 17. september 2016 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt sakborningi en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Þess er krafist að ákærða [sic.] verði dæmd [sic.] til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði játar háttsemi í 1. lið ákæru, en neitar háttsemi í 2. lið ákæru. Ákærði neitar öllum lýstum afleiðingum í ákæruskjali. Ákærði hafnar framkominni einkaréttarkröfu.

Málið var þingfest 13. september 2018 og hófst aðalmeðferð 14. júní sl., en varð þá ekki lokið vegna fjarveru vitna og var henni fram haldið og lokið þann 18. júní 2019 og málið þá dómtekið.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu bótakrefjanda eru gerðar sömu kröfur og í ákæru greinir, að því breyttu að krafist er þóknunar fyrir skipaðan réttargæslumann brotþola úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða er þess krafist að refsing vergna ákæruliðar I verði látin niður falla, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og þá verði gæsluvarðhald sem ákærði sætti látið koma til frádráttar á refsingu. Vegna ákæruliðar II krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara vægustu viðurlaga sem lög heimila og að gæsluvarðhald komi dæmdri refsingu til frádráttar.

Vegna einkaréttarkröfu brotþola krefst ákærði frávísunar í samræmi við sýknukröfu sína, en til vara krefst hann sýknu af bótakröfunni en til þrautavara krefst ákærði þess að dæmdar bætur verði stórlega lækkaðar.

Fyrir uppkvaðningu var málið endurupptekið skv. 168. gr. laga nr. 88/2008 þar sem dómari varð þess var að nauðsynlegt væri að nýtt sakavottorð ákærða yrði lagt fram og var það gert. Var málið dómtekið á ný að því loknu.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

### **Málavextir**

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Vestmannaeyjum bast tilkynning frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra kl. 05:13 aðfaranótt laugardagsins 17. september 2016 um slasaðan einstakling fyrir utan Æ þar í bæ og væri þar einnig nakinn kvenmaður.

Þegar lögregla kom á vettvang var þar tilkynnandinn B og var hún að aðstoða konu sem lá á götunni og reyndist vera brotþoli þessa máls. Tjáði B lögreglu að hún hefði vaknað við öskur og farið út og séð brotþola liggja á götunni. Segir að brotþoli hafi haft sýnilega áverka í andliti. Kvað B að brotþoli hafi verið nakin, en B hafi sett yfir hana föt hennar, sem hefðu verið í kringum hana á götunni. Komu sjúkraflutningamenn skömmu síðar og hófu að sinna brotþola.

Segir að C hafi komið á vettvang og sagst hafa séð brotþola fyrir um nóttina og þá hefði maður verið á eftir henni. Hafi C ekki getað lýst manni þessum frekar en að hann hafi verið dökklæddur, en C búi að [...].

Kemur fram að B hafi tjáð lögreglu að þegar hún kom út og fór að brotþola hafi hún séð mann ganga í burtu. Hafi maðurinn gengið í austur eða bílastæðinu við Sólhlíð 19 þar sem hann hafi horfið henni sjónum. Maðurinn hafi verið dökklæddur og verið að reykja. Henni hafi þótt þetta mjög skrítið að sjá mann ganga burt frá manneskju sem væri augljóslega slösuð.

Þá kemur fram í frumskýrslu að þessa nótt kl. 04:39 hafi D dyravörður á Lundanum haft samband við lögreglu og tilkynnt að ákærði og brotþoli ættu í átökum fyrir utan Lundann. Hafi D verið tjáð að lögregla væri upptekin og að D hafi ætlað að hafa samband ef eitthvað frekar myndi eiga sér stað á milli þeirra.

Fóru þá lögreglumenn heim til ákærða kl 05:45 og kom til dyra [...] Eog hleypti þeim inn. Aðspurð um ákærða fór E í svefnherbergi og sótti ákærða sem kom fram og var þá beðinn að koma með lögreglu á lögreglustöð. Var ákærða tjáð að hann væri handtekinn kl. 05:50 vegna gruns um líkamsárás og hann færður í handjárn og í lögreglubíl. Í lögreglubílnum var ákærða tjáð að hann væri handtekinn vegna gruns

um líkamsárás og upplýstur um að hann þyrfti ekki að tjá sig, en hvattur til að segja satt og rétt frá ef hann kysi að tjá sig, sem og að hann ætti rétt á verjanda.

Aðspurð kvað E, [...] ákærða, að það væri ekki svo langt síðan ákærði hefði komið heim, en hún hafi verið sofandi en þó orði vör við það er hann kom.

Á lögreglustöð ræddi F lögreglumaður við ákærða og greindi honum frekar frá ástæðu handtökunnar. Segir að í fyrstu hafi ákærði ekki kannast við að hafa verið í neinum útistöðum, en þegar honum var sagt að tilkynnt hafi verið um hann í átökum við kvenmann fyrir utan Lundann kvaðst hann kannast við það. Kvað ákærði að konan hafi ætlað sér að valda skemmdum á Lundanum og því hefði hann tekið hana niður. Spurði svo ákærði hvort lögregla hefði vitni að einhverjum frekari átökum og var sagt að svo væri ekki. Sagði þá ákærði að ekkert meira hafi gerst. Klukkan 06:10 óskaði ákærði eftir verjanda og fékk að ræða við hann í síma kl. 06:20. Þá blés ákærði í áfengismæli kl. 06:30 sem sýndi 1,20 promille og var honum svo dregið blóð kl. 08:05.

Fékk lögregla upplýsingar um að brotaþoli yrði flutt með þyrlu á sjúkrahús í Reykjavík og fór þá lögregla á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og tók myndir af brotaþola.

Þegar lögregla ræddi brotaþola á sjúkrahúsinu var hún óskír í tali en sagði svo „hann kýldi mig og kýldi“. Aðspurð hvort hún gæti greint nánar frá þessu sagði hún „hann vildi mig bara“, en var að öðru leyti óskír í tali.

Kemur fram að fyrst hafi verið um það grunur hjá starfsfólki sjúkrahússins að um kynferðisbrot hafi verið að ræða vegna þess að blæðingar hafi verið við kynfæri brotaþola.

Í gögnum málsins eru ljósmyndir sem lögregla tók af brotaþola á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum. Má þar sjá að brotaþoli er blóðug, stokkbólgin og marín í andliti, einkum í kringum augu sem eru lokuð. Þá hefur sýnilega blætt talsvert úr henni á kodda sem höfuð hennar hvílir á.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings á Neyðarmóttöku Landspítalans fyrir kynferðisbrot segir að eftir hvatningu hafi brotaþoli samþykkt að þiggja þjónustu lögmanns og réttarlæknisfræðilega skoðun. Hafi hún sagt að hún muni eftir að hafa hitt árásarmann skömmu fyrir árásina sem hafi borið mjög brátt að. Hún muni eftir tveimur höggum og ekkert eftir það. Hafi skoðun gengið vel, tekin naglasköf, sýni á 8 pinna og 4 gler. Ekki að sjá áverka á kynfærum. Áverkar á líkama ljósmyndaðir. Rispur og mar á olnbogum, baki, rasskinn, lærum framanverðum, báðum hnjám. Lítið

hrufl ofarlega á kvið. Andlit mikið marið frá höku upp að enni. Þá segir að brotaþoli eigi við ávengisvanda að stríða og hafi verið undir áhrifum við komu á bráðamóttöku þá um morguninn, en sé vel vakandi og skýrmælt í viðtali síðdegis. Hún hafi verið spennt og legið hátt rómur, nokkuð ör og tali mikið, en vilji síður ræða sína fyrri sögu og segist hfa lent í mörgum áföllum. Þá kemur fram að skv. upplýsingum lögreglu eigi hún við áfengisvanda að stríða, sem og geðrænan vanda.

Í skýrslu Neyðarmóttöku um réttarlæknisfræðilega skoðun er höfð eftir brotaþola sú frásögn að hún hafi verið að koma út af veitingastað og verið að athuga hvort hún kæmist inn aftur til að gá að símanum sínum. Allt í einu hafi hann ráðist á hana, en flestir hafi verið farnir, og hafi hann kýlt hana tvö högg í andlitið og svo muni hún ekki meira. Vilji enga skoðun og ekki tala um það sem hafi gerst. Þá kemur fram að brotaþoli hafi verið á blæðingum. Um áverka segir að brotaþoli hafi fjölda líkamlegra áverka bæði á skrokki og andliti. Séu rispúr á lærum, leggjum, hnjám, rassi, baki, olnbogum og ofarlega á kvið. Andlitið sé afmyndað af bólgu og augun sokkin og hún sé nýlega farin að geta séð út um rifur. Segir að þessi áverkar séu eftir verulegt ofbeldi. Á ljósmyndum sem fylgja sjást áverkar víða á líkama brotaþola, en mest á andliti og kringum augu.

Í vottorði G læknis, dags. 17. september 2016, segir að við komu brotaþola á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum hafi strax verið ljóst að um umtalsverða áverka hafi verið að ræða og að brotaþoli hafi verið köld og í annarlegu ástandi. Hafi brotaþoli verið agiteruð, gefið mjög óljósa sögu, hreyft alla útlimi, skolfið af kulda en ekki getað opnað augun sökum áverka. Fyrstu lífsmörk hennar hafi verið blóðþrýsingur 125/56 og púls 53 en ekki hafi náðst hitamæling vegna ósamvinnu. Strax hafi verið farið að hita brotaþola með sæng og hitapokum, en til að verkjastilla og róa brotaþola hafi henni verið gefin lyfin morfín og stesolid í vöðva. Fljotlega hafi brotaþoli róast og hafi þá verið unnt að setja upp hjá henni nál og hafi hún fengið frekari verkjalyf eftir þörfum. Hafi þá hitinn verið mældur 35,3 gráður og mettun 97%. Þá hafi verið dælt í brotaþola upphituðu saltvatni. Við nánari traumaskoðun hafi brotaþoli sem fyrr verið með mikla áverka í andliti og í raun afmynduð í framan vegna þess hve marin hún hafi verið. Mjúkpartabólgur á augn og kinnsvæðum beggja vegna hafi komið alveg í veg fyrir að hún gæti opnað augun. Hún hafi verið með opinn skurð ofan við vinstra auga, marin á nefi og með blóðnasir, marin á höku, blóðug í munni en ekki augljóslega lausar tennur. Umtalsvert hruflur bæði að framan og aftanverðum bol. Blóðug um kynfæri en það ekki skoðað nánar. Lungnahlustun hafi verið eðlileg beggja vegna og

ekki áberandi aum við athugun á brjóstholi, kvið eða mjaðmagrind. Hún hafi hreyft alla útlími og ekki með greinilega meiriháttar áverka þar. Ekki talin með meiriháttar áverka á hálsi og hrygg. Sökum þess hve alvarlegir áverkar hafi verið á andliti hafi verið sterkur grunur um andlitsbrot. Ekki hafi verið unnt að útiloka alvarlega áverka á miðtaugakerfi. Einnig sú staðreynd að hún hafi fundist nakin, hypotermisk og með áverka á kynfæri. Áverkar á kynfærum voru leiðréttir síðar og liggur ekki fyrir að neinir slíkir hafi verið til staðar. Þá hafi það verið mat læknisins að rétt væri að óska eftir flutningi í lofti fyrir brotþola og fá nánara trauma mat á bráðamóttöku. Vegna veðurskilyrða hafi ekki verið unnt að fá sjúkraflug og því hafi brotþoli verið flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar frá Vestmannaeyjum um kl. 08:00 þennan morgun. Þá um morguninn var gerð fyrsta skoðun á brotþola á Landspítala og segir í vottorði H læknis, dags. 17. september 2016 kl. 08:49, um höfuð og háls að mikil periorbital bólga sé og geti ekki opnað augun vegna bólgu. Raccoon eyes. Ekki mar á bak við eyrun. Skurður yfir augabrún sem saumað sé með 5 sporum. Skrapsár yfir hnakka. Á baki roði og skrapsár yfir brjósthrygg og roði og eymsli ofarlega á vinstri rasskinn. Merki um álag á húð á báðum hnjám en ekki húðrof. Niðurstaða er tilgreind verulegur mjúkpartaáverki frontalt og yfir báðum kinnum. Brot í orbitabotni hægra megin.

Þá er í rannsóknargögnum vottorð I læknis á Landspítala, dags. 5. október 2016, um brotþola. Þar eru greiningar: Brot í augntóft, S02.3. Sár á augnsvæði, S01.1. Mar á augnknetti eða augntóftarvefjum, S05.1. Líkamsárás með ótilgreindum afleiðingum, Y09.9. Í álitum segir að niðurstaða sé að um hafi verið að ræða verulega mjúkpartaáverka í augntóftum beggja vegna og lítið sár þar yfir hægra auga en einnig brot í augntóftargólfi hægra megin. Áverkamerki hafi verið aftan á brjósthrygg og vinstri rasskinn. Þá hafi verið 5 spor saumuð í sárið á vinstri augabrún og síðan lögð inn á háls-, nef- og eyrnadeild til eftirlits og meðferðar. Hafi verið útskrifuð þaðan 2 dögum síðan og komið í endurmat 26. september 2016 og enn verið bólgin kringum augun, en ekki hafi komið í ljós neinn skaði á augunum sjálfum.

Rannsókn fór fram á fatnaði brotþola, sem og fatnaði ákærða og skóm hans. Verður hér ekki gerð sérstök grein fyrir henni, en niðurstöður hennar. að því leyti sem máli skipta, koma fram í rækilegum framburði J sérfræðings lögreglu í tæknirannsóknum.

Í blóðsýni brotþola var 1,88 promille alkóhóls og 60 ng/ml af diazepam., en um það segir í matsgerð að styrkur þess samsvari lágum lækningalegum skömmtum. Í blóðsýnum ákærða greindust 1,12 promille og 0,44 promille alkóhóls.

K sálfræðingur var dómkvaddur matsmaður til að leggja mat á brotaþola, einkum m.t.t. andlegar heilsu hennar. Í stuttu máli er niðurstaða hans að brotaþoli hafi alvarlegan og ómeðhöndlaðan geðsjúkdóm sem geri hana ófæra um að gefa skýrslu fyrir dómi, en nánari grein verður gerð fyrir niðurstöðum matsmannsins þar sem fjallað er um skýrslugjöf hans við aðalmeðferð.

G læknir skoðaði ákærða þann 17. september 2016. Í læknaþréfi hans, dags. 18. september 2016, segir að örlítið hrufll hafi verið fyrir miðju enni efst við hársvörðinn. Undir vinstra auga hafi verið lítið hrufllsár. Þá hafi verið u.þ.b. 2x tíkallastórt mar hægra megin á brjóstakassa. Yfir vinstra herðablaði hafi verið um cm langt klórfar. Þrjú lítil yfirborðssár í hægri lófa. Hrufll ulnart á vinstri úlnlið og hrufll proximalt, þ.e. nær líkama, við hnúa 2-3 á vinstri hendi. Roði í húð á pung sem hugsanlega geti verið mar. Marinn á báðum ristum. Greinilega með eczema og fremur þurra og erta húð. Greinileg eczem útbrot í vinstri handarkrika. Þá segir að í flest skipti sem læknirinn hafi haft orð á áverka eða hugsanlegum áverka, þá hafi ákærði reynt að skýra þá sem annað hvort gamla eða áverka sem kæmu vegna ávana að nudda húðina eða klóra.

Að beiðni lögreglu var dómkvaddur matsmaður, L, réttarmeinafræðingur, til að meta áverka á brotaþola, áverka á ákærða, sem og blóð sem fannst á vinstri skó ákærða. Í niðurstöðu matsgerðar hans varðandi brotaþola segir að hún hafi fengið marga marga höggáverka á ýmsum líkamshlutum. Ákefð, formfræði og dreifing áverkanna gefi sterklega til kynna aðkomu annars aðila. Einkum séu sýnilegir áverkar í andliti og á höfði brotaþola vegna hnitmiðaðra höggáverka sem líklegast séu vegna margra hnefahögga sem veitt hafi verið með mikilli ákefð. Að hún hafi orðið fyrir mörgum spörkum sé ekki útilokað, en síður líklegt. Þegar ljósmyndirnar sem matsmaðurinn hafði voru teknar, hafi áverkarnir verið innan 24 stunda gamlir. Í niðurstöðu matsgerðar um ákærða segir að ákærði hafi haft marga höggáverka á mörrgum líkamshlutum sem gefi til kynna líkamleg átök við annan aðila. Meðal áverkanna séu það margúlar á hnúum beggja handa sem gefi sterklega til kynna virka aðild ákærða. Í niðurstöðu matsgerðar um blóð á skóm ákærða segir að blóðflekkmynstursgreining hafi sýnt einn hraðaðan blóðblett á hlið vinstri skós, sem mjög líklega megi túlka sem höggslettu. Slíkir blettir séu tengdir því að upptök blóðs verði fyrir utanað komandi afli, þar sem þetta geti gerst við högg, svo sem högg með hnefa. Í þessu tilviki hafi brotaþoli verið með blóðnasir og opið sár á vinstri augabrúnarsvæði og hægra megin á vör. Til að mynda höggslettu verði hlutur eða

hnefi að slá sár eða upptök blæðingar. Ályktað sé að högg með hnefa á svæðið við vinstri augabrún eða nefið sé líklegasti möguleikinn til að hafa valdið þessum blóðbletti. Við höggið hljóti viðkomandi skór að hafa verið mjög nálægt brotaþola. Vegna óreglulegs yfirborðs skósins hafi ekki verið mögulegt að gera stefnugreiningu og fjarlægðarmat á blóðblettinum. Blóðbletturinn á hlið ristarleðurs vinstri skós hafi frekar litla þéttni og óreglulega dreifðar útlínur. Með óreglulegt efni skósins í huga sé annað hvort mögulegt að þessi blóðblettur sé vegna snertingar við blóðugan flöt eða að upprunalega hraðað blóðfall hafi orðið vegna snertingar við flöt án blóðs. Ekki sé mögulegt að ákvarða út frá þessum eina bletti hvort hann hafi orðið til vegna virks sparks í blóðugan flöt (líkamshluta) eða óvirkt vegna óviljandi snertingar. Niðurstaðan sé sú að blóðfleckjamynstursgreining á viðkomandi skóm hafileitt í ljós tvo blóðbletti á hlið vinstri skós. Af staðsetningu þeirra, myndu, þéttleika og formfræðilegum útlínum sé unnt að fullyrða að vinstri skórinn hafi verið mjög nálægt brotaþola meðan hún varð fyrir minnst einu höggi á andlitið sem þegar hafði orðið fyrir áverka. Þá gerði matsmaður viðbótarmatsgerð þar sem fram kemur um áverka brotaþola að jafn líklegt sé að áverkar á andliti og höfði brotaþola séu vegna kýlinga af mikilli ákefð eða fjölda sparka eða trampa af miðlungs eða mikilli ákefð. Þá kemur þar fram að brotaþoi hafi haft órelulega mynsturslagaða margúla með minniháttar skránum á vinistra ennissvæði og vinstri kinn. Þótt áverkar af þessum toga geti verið afleiðing viðkomu vegna falls á sambærilegt mynstrað yfirborð sé einnig mögulegt að tvö spörk eða trömp, annað á enni og hitt á höku geti valdið þeim. Margúlarnir og skráurnar á báðum olnbogavæðum séu afleiðingar þungrar snertilægrar viðkomu á gróft yfirborð. Staðsetning þeirra og formfræði sé einkennandi fyrir áverka af völdum falls, aftur á bak með meginviðkomu á vinstri olnboga. Þá hafi hún haft margúla á hægri upphandlegg sen áverkinn beri skýr einkenni gripfara og staðsetning sé einkennandi og séu þeir afleiðing a.m.k. eins kröftugs grips í handlegg. Skrámur á efri svæðum beggja fótleggja og hjáa séu afleiðingar þungrar snertilægrar viðkomu við gróft yfirborð. Þær gætu hafa orðið vegna viðkomu við hart og óreglulegt yfirborð meðan líkaminn var á hægri hreyfingu. Áverki og skrámur á efra og neðra baki séu afleiðingar skrapviðkomu við hart og óreglulegt yfirbroð, að öllum líkindum meðan brotaþoli hafi legið á bakinu. Einn möguleiki sé að brotaþoli hafi legið á bakinu á hörðu óreglulegu yfirborði á meðan líkami hennar hafi hreyfst vegna fjölda þungra högga í andlit hennar. Jafnframt séu sumar rispurnar frekar mjóar, línulegar og liggi samhliða. Þær gætu verið afleiðingar klórs með fingurnöglum.

Fyrir liggja upptökur úr eftirlitsmyndavél Íslandsbanka í Vestmannaeyjum, sem tekur myndir í átt að anddyri Lundans. Á þeim upptökum sjást bæði brotþoli og ákærði saman. Klukkan 04:36 virðist ákærði halda brotþola og þau hreyfast fram og til baka líkt og þau séu að ýta hvort öðru. Klukkan 04:40 sést einungis í bak ákærða og hreyfingar hans eru eins og hann sé að ýta á eittj hvað eða lemja og eru hreyfingarnar rykkjóttar. Er hann í horni þar sem er steypur stór öskubakki við dyr Lundans. Klukkan 04:41 sést enginn við innganginn, en klukkan 04:43 stendur ákærði við innganginn að Lundanum og eru dyrnar opnar. Brotþoli stendur upp og virðist leggja af stað upp tröppurnar og hverfur svo úr mynd. Í beinu framhaldi fer ákærði frá innganginum, kastar af sér þvagi og er horfinn úr mynd mínútu síðar. Klukkan 04:46 ekur bifreið C fram hjá Lundanum til vesturs og beygir svo norður Kirkjuveg. Þá liggur fyrir upptaka úr eftirlitsmyndavél í anddyri Lundans og kl. 04:30 má þar sjá ákærða og brotþola að ýta hvort á annað. Í framhaldinu takast þau á og má m.a. sjá ákærða skella brotþola utan í vegg, slá hana hnefahöggi á hægri vanga, en við það fellur brotþoli niður á steiptan stóran öskubakka en þá sést lítt hvað gerist, en þó má sjá brotþola ofan á öskubakkanum og ákærða hreyfa sig ofan á henni. Klukkan 04:39 kemur starfsmaður Lundans, M fram í anddyrið og stendur þá ákærði upp, sem og brotþoli sem gengur burt. Starfsmenn Lundans ræða við ákærða sem fer síðan sjálfur í burtu, en ekki sést í hvaða átt.

Við rannsókn málsins gekk lögreglumaður sem leið liggur frá Lundanum að Æ á eðlilegum gönguhraða og tók það 1 mínútu og 12 sekúndur. Vegalengdin er sögð 154 metrar skv. upplýsingaskýrslu lögreglu.

Við rannsókn málsins var lögð myndsakbending fyrir vitnin C og B, þar sem ákærði var meðal annarra, en hvorugt þeirra kvaðst kannast við hann. Þá var myndsakbending lögð fyrir brotþola og bent á mynd af ákærða og kvaðst eitthvað kannast við hann, en kvaðst ekki vera að segja að hann væri árásmáðurinn. Kvaðst kannast við augun í honum.

Við rannsóknina voru teknar skýrslur af brotþola og ákærða.

Af skýrslum brotþola og upptökum af þeim verður ráðið að hún var í ójafnvægi og í andlegum erfiðleikum og gat lítið lýst þessu. Þó kom fram hjá henni að hún myndi eftir tveimur höggum og augum og enni mannsins.

Við skýrslugjöf sína við lögreglu kannaðist ákærði við að hafa tekið í konu við Lundann, en eftir það hafi hann bara farið sem leið lá heim til sín og engan hitt á þeirri leið. Þverneitaði ákærði því að brotþoli hafi fengið nokkra áverka við þau átök sem

hafi orðið á milli þeirra við Lundann, hann hafi passaði sig á því. Þá kannaðist hann við að brotaþoli hafi farið frá Lundanum á undan sér. Aðspurður um áverka á sér kvað ákærði að hann hefði engar skýringar á þeim, en varðandi mar á ristum þá dytti sér helst í hug að það væri vegna þess að hann klóraði sér á fótum með því að strjúka öðrum fætinum við hinn. Kvaðst yfirleitt alltaf vera með mar á ristum. Um blóðbletti á skóm sínum kvaðst ákærði ekki hafa skýringu, en hann gæti hafa fengið blóðnasir, Aðspurður hvort hann hafi séð blæða úr brotaþola kvaðst ákærði ekki vita það en það gæti verið.

Ekki eru efni til að gera sérstaklega fyrir rannsókn málsins frekar.

### **Framburður við aðalmeðferð**

Ákærði kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og nýtti sér þann rétt sinn að tjá sig ekki og vék úr dómsal eftir það.

Brotaþoli býr erlendis og kaus að koma ekki fyrir dóminn til skýrslugjafar þrátt fyrir boðun til þinghaldsins.

Vitnið E, [...] kom fyrir dóminn í gegnum síma og skoraðist undan því að gefa skýrslu í málinu.

Vitnið B kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa verið að fara að sofa seint um nótt og hafa heyrt grát og kíkt út um gluggann og séð nakta manneskju liggjandi í götunni. Hafi vitnið þá líka séð einhvern mann ganga burt og hafi vitninu fundist óhugnanlegt að sjá mann ganga burtu frá slasaðri manneskju, góðan með sig að reykja sígarettu. Hafi vitnið þá hringt á Neyðarlínuna og verið í miklu uppnámi og ekki skilið hvað var að gerast. Hafi vitnið hlaupið berfætt út og séð brotaþola og brugðið rosalega þegar hún hafi séð framan í brotaþola. Andlitið hafi verið það ljótasta sem vitnið hafi séð. Hafi starfsmaður Neyðarlínunnar í símanum beðið sig að spyrja brotaþola um nafn og hafi brotaþoli svarað „A“ og þá fyrst hafi vitnið áttað sig á því hver brotaþoli væri, en hún hafi verið óþekkjanleg. Hafi svo vitnið tekið eftir því að föt brotaþola og skór hafi verið á víð og dreif út um alla götu. Hafi verið rigning úti og kalt og hafi neyðarlínumaðurinn í símanum beðið vitnið um að tína saman blaut föt brotaþola og breiða yfir hana og hafi vitnið gert það. Vitninu hafi fundist hún þurfa að bíða of lengi eftir lögreglu og sjúkrabíl, en brotaþoli hafi verið alveg að deyja úr kulda.

Aðspurð kvaðst vitnið hafa verið í svefnherbergisglugga sínum efst í húsinu, risi efst að 4. hæð. Vitnið hafi séð vel út á götu og vel séð að viðkomandi var nakin.

Ekki kvaðst vitnið hafa séð nein samskipti milli brotapolans og mannsins sem gekk burt. Hún hafi ekki heyrt neitt nema grát eða einhvers konar sársaukahljóð í brotþola. Þegar lögregla hafi komið og rætt við vitnið hafi hún verið að deyja úr kulda á tánum og hugsað hvernig skyldi brotþola líða, nakin úti í rigningunni. Vitnið kvaðst halda að hún hafi verið fljót út. Vitnið kvaðst hafa reynt að spyrja brotþola hver hafi gert þetta og hún hafi sagt „N vinur minn veit það“. Svo hafi brotþoli nefnt PIZZA 67. Svo hafi brotþoli ekki sagt mikið heldur bara eins og sofnað. Vitnið kvaðst hafa vitað hver brotþoli var fyrir þetta, gamall [...] Eyja á ný. Brotþoli hafi verið svolítið drykkfelld og með þínu læti í götunni og vitnið hafi áður verið búin að hringja á lögreglu vegna hennar. Brotþoli sé greinilega mjög veik. Vitnið kvaðst aðspurð ekki hafa þekkt og ekki vita hver maðurinn sé sem gekk burt. Hún hafi ekki séð mikið af honum, en það sem hafi fest í minninu hafi verið að hann væri dökklæddur maður og hvernig hann hafi gengið svona góður með sig og verið að reykja. Þetta hafi bara verið þínu moment sem hún hafi séð hann og svo hafi hann horfið. Kvað manninn hafa verið frekar grannur og meðalmaður á hæð. Viss um að þetta hafi verið karlmaður.

Aðspurð lýsti vitnið því að fatnaður brotþola hafi verið blautur, en kvaðst ekki geta svarað því hvort hann hafi litið úr fyrir að hafa legið lengi á jörðinni, en hann hafi verið mjög þungur vegna bleytu. Ekki kvaðst vitnið hafa séð aðra á ferli.

Vitnið kvaðst ekki geta dæmt um það hvort brotþoli hafi verið undir einhverjum áhrifum, vegna ástands hennar. Hún hafi verið ónýtt í andlitinu og liggjandi í kulda. Vitnið kvaðst sjálf ekki hafa verið undir neinum áhrifum.

Vitnið kvað aðspurð vel hafa séð manninn og að hann væri meðalmaður á hæð þó hún hafi séð hann ofan af 4. hæð og ekki bjart af degi.

Vitnið kannaðist við þann framburð sinn hjá lögreglu að C sem býr í sama húsi hafi sagt að hann hafi fyrr um nóttina heyrt einhver læti í brotþola og einhverjum 2 karlmönnum. Þá hafi brotþoli verið að reyna að komast inn hjá O. Ekki kvaðst vitnið vita meira um þetta.

Það fyrsta sem vitnið hafi séð til brotþola þetta sinn hafi verið þegar hún hafi legið nakin á jörðinni og um leið hafi hún séð dökklædda manninn ganga burt. Áður en hún hafi litið út um gluggann hafi hún heyrt grát.

Aðspurð um tilvísun til PIZZA 67 kvað vitnið að þegar vitnið hafi spurt hver hafi gert henni þetta, þá hafi brotþoli sagt „æ þarna á PIZZA 67“ eða eitthvað svoleiðis. Hafi verið eins og brotþoli ætti við að einhver sem hún hafi séð á PIZZA 67 hafi gert henni þetta. Ekki hafi vitnið skilið þetta á sérstakan tiltekinn hátt. Ekki

hafi brotþoli nefnt neitt tiltekið nafn. Hún hafi samt sagt „N vinur minn veit það“ og hafi vitnið frétt eftir þetta að sá hafi verið góður vinur hennar í mörg ár. Vitnið kvaðst vita og hafa þá vitað hver það væri, en hann heiti N.

Vitnið P lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar um það fyrsta aðkoma vitnisins að málinu hafi verið sú að vera ræstur út. Hafi vitnið verið að leysa rannsóknarlögreglumanninn af. Hafi vitnið byrjað rannsókn málsins, en þá hafi verið búið að finna brotþola og koma henni á sjúkrahús. Á heimili ákærða hafi farið aðrir lögreglumenn. Vitnið kannaðist við að ekki hafi fundist á heimili ákærða öll föt sem hann hafi klæðst þessa nótt, vegna óreiðu á heimilinu, en þetta hafi vitnið í frumskýrslu haft eftir öðrum lögreglumönnum. Vitnið kannaðist við að hafa beðið Q lögreglumann að ganga frá Lundanum að Æ, en vitnið hafi ekki farið með honum í þá ferð. Vitnið lýsti því líka að vegalengdin hafi verið mæld á korti, en var ekki viss um hvort þetta hafi verið mælt á annan hátt. Vitnið hafi fyrst hitt ákærða við rannsókn málsins þegar gerð hafi verið á honum réttarlæknisfræðileg skoðun og tekin af honum fyrsta skýrsla. Aðspurður um hvernig ákærði hafi þá verið í háttu kvað vitnið að ákærði hafi verið sjálfum sér líkur, spjallað mikið og reynt að vera hress, eftir því sem vitnið best muni. Hafi þá verið búið að taka fatnað ákærða. Vitnið kannaðist við að í skýrslu þá um kvöldið hafi ákærði neitað að hafa hitt mann á Æ um nóttina, en svo spurt hvort viðkomandi maður hafi tekið þetta upp á myndband eða hvað. Kvaðst vitnið muna þetta. Kvaðst vitnið líka muna að ákærði hafi í sömu skýrslu sagt að annars hefði lögregla ekki sannanir þó einhver maður segði eitthvað. Ákærði hafi verið mjög upptekinn af því að vita hvaða gögn lögregla hefði. Hafi ákærði virst hvorki muna né segja hluti fyrir en lögregla hafi getað sýnt honum fram á að fyrir lægju gögn s.s. upptökur eða vitni, en þá hafi gjarna breyst framburður ákærða eða hann farið að muna. Svona hafi ákærði áður verið í öðrum málum. Sér hafi fundist ákærði vera að fiska eftir því hvort lögregla hefði eitthvað annað en orð viðkomandi vitnis. Vitnið kannaðist við að hafa séð áverka á ákærða. Þegar ákærði hafi gefið skýringar á þeim hafi hann verið snöggur að svara eins og vanalega. Vitninu hafi ekki þótt skýringarnar trúverðugar. Ákærði hafi þannig fyrst viðurkennt að hafa slegið brotþola við Lundann eftir að honum hafi verið kynnt að vitni væru að því og upptökur, en fram að því hafi ákærði neitað þessu.

Aðspurður um hvort einhvern tíma hafi verið uppi önnur rannsóknartilgáta um atvik en að ákærði væri valdur að áverkum brotþola, kvað vitnið að hluti rannsóknarinnar hafi beinst að því að leiða í ljós hvort einhver annar hafi verið á ferð

eða önnur skýring. Þetta hafi verið kannað m.a. hjá vitnum hvort þau hafi orðið v0ör mannaferða, en enginn hafi séð neinn á ferð. Hafi verið reynt að kanna hvort eitthvað annað hafi gerst. Vitnið kvað aðspurður að farið hafi verið yfir það hvort orð brotþola um PIZZA 67 gætu veitt vísbendingar, en ekki hafi verið séð hvaða tenging gæti verið, en sami eigandi hafi þó verið að Lundanum og PIZZA 67. Þetta hafi ekki leitt til neins. Þá kvað vitnið að ekki hafi verið rætt við N við rannsókn málsins. Þá kvað vitnið að ekki hafi verið tekin skýrsla af O. Aðspurður um sýni sem hafi verið send til Svíþjóðar, sem tekin hafi verið af skóm ákærða, kvað vitnið að ákærði og [...] hans hafi sagt að þetta væru einu skórnir hans og skórnir sem hann væri alltaf í. Þeir hafi verið rannsakaðir og í þeim hafi fundist blóð úr brotþola. Hafi verið tekin ákvörðun um að senda þetta í DNA rannsókn í samráði við tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega hvenær um þetta hafi verið tekin ákvörðun, en það hafi verið fljótlega eftir að niðurstaða hafi verið fengin um að blóðblettir væru í skónum og að þeir væru tækir til DNA rannsóknar. Aðspurður um hvaða rannsókn hafi verið gerð á vettvangi utan við Lundann kvaðst vitnið hafa farið þangað og skoðað vettvang og myndað. Hafi vitnið jafnframt leitað eftir því hvort ummerki væru sjáanleg s.s. blóð eða annað. Þetta hafi verið daginn eftir. Aðspurður um skýrslu M kvað vitnið að M hafi bætt við fyrri framburð sinn. Vitnið P kvaðst hafa farið á Lundann og farið yfir það með starfsmönnum og hafi viljað vita hvar þeir hafi verið staddir og hafi M sagt að þegar hann hafi komið að glugganum þá hafi þetta rifjast upp fyrir honum og þá hafi hann bætt við framburð sinn. Þetta hafi ekki verið þannig að skýrslutaka hafi farið fram á staðnum, heldur hafi verið farið yfir staðhætti og þá hafi rifjast upp fyrir M. Ekki hafi verið gerð sérstök skýrsla um þetta, en M hafi svo komið og gefið nýja skýrslu. Aðspurður kvað vitnið að farið hafi verið yfir það hverjir væru starfsmenn PIZZA 67 og hafi lögregla vitað það á þessum tíma, sem og eigendatengsl PIZZA 67 og Lundans. Ekki sé vitað til þess að ákærði hafi haft einhver tengsl við PIZZA 67. Aðspurður um hvers vegna ekki hafi verið talað við N við rannsókn málsins kvað vitnið að það hafi verið metið svo að N hefði ekkert um þetta að segja, enda hafi hann ekki verið á staðnum og ekki verið búinn að hitta brotþola eða ræða við hana, þannig að N hafi ekki getað vitað neitt um þetta mál miðað við tímasetningu atburða og rás þeirra. Kvaðst þó ekki geta útilokað að N hefði getað haft vitneskju um einhvern sem hefði viljað gera brotþola illt. Aðspurður hvað hafi leitt lögreglu að ákærða sem grunuðum, kvað vitnið að það hafi verið tilkynningin sem hafi komið fyrir um kvöldið um að ákærði hafi verið þarna að

slást eða eiga við brotþola fyrir utan Lundann. Hafi komið tilkynning frá starfsmönnum Lundans, verið hringt á lögreglu, og sagt að þarna væru einhver átök á milli ákærða og brotþola, en lögregluvaktin hafi þá verið upptekin í öðru verkefni og ekki komist. Svo eftir að brotþoli hafi fundist þá hafi lögregla þekkt hana og tengt hvort það gæti mögulega tengst hinni fyrri tilkynningu. Aðspurður um hvort hvort lýsingar vitna, annars vegar á manni sem hafi gengið burt frá brotþola og hins vegar á manni sem hafi verið að leita að konu, kvað vitnið að þær lýsingar hafi komið heim og saman við ákærða og styrkt þetta. Að minnsta kosti hafi þessar lýsingar ekki útilokað ákærða og lýsingin á mannum sem hafi leitað að konu hafi raunar passað mjög vel við ákærða á þessum tíma. Aðspurður um hvort margt fólk hafi verið á ferli eða margir getað komið til greina kvað vitnið að ekki hafi verið margir á ferli á þessum tíma. Skömmu áður hafi verið þar utan við Lundann en það hafi verið farið þaðan saman burt í leigubíl. Engan annan hafi verið að sjá í bænum skv. framburði vitna og starfsmanna þannig að ekki hafi verið talið að nokkur annar hafi verið á ferðinni. Þetta hafi bara verið eðlilegt kvöld í Eyjum en þar séu mjög fáir á ferð á nóttunni. Lýsingar vitnanna hafi t.a.m. ekki passað við parið sem hafi verið fyrir utan Lundann. Fram hafi komið hjá dyravörðum að þeir hafi verið úti við þrif og ekki orðið varir við neinar mannaferðir. Einn þeirra hafi heyrt einhver öskur og farið að svipast um hvaðan það gæti komið og engan mann séð. Engan hafi verið að sjá á eftirlitsmyndavélum sem séu þarna til staðar, fyrir utan vitnið sem hafi ekið fram hjá. Aðspurður um hvort kannað hafi verið um þann framburð tilkynnanda að fyrr um kvöldið hafi hún heyrt í brotþola og tveimur mönnum með háreysti við Æ, kvað vitnið að engar frekari upplýsingar hafi fengist um þetta. Tilkynnandi hafi verið spurð um þetta en ekki vitað neitt meira um þetta. Ekki hafi verið teknar formlegar skýrslur af nágrönnum, en lögregla hafi farið milli húsa og rætt við fólk, en ekki hafi komið fram við það neinar upplýsingar sem gætu nýst við rannsókn málsins. Aðspurður kvað vitnið langlíklegast að fatnaður brotþola hafi verið rifinn og slitinn af henni, sbr. niðurstöður tæknideildar um rannsókn á fatnaðinum. Hafi fatnaðinum svo verið hent frá sér. Vitnið kvað aðspurður að skoðaður hafi verið sá möguleiki að brotþoli hafi gert þetta sjálf, í samræmi við framburð hennar um það.

Vitnið G læknir kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og kannaðist við að hafa hitt brotþola strax um nóttina eftir að hún hafi verið flutt á sjúkrahús. Aðspurður um blóðþrýsting og púls brotþola á sjúkrahúsinu, sem lýst er í vottorði vitnisins, kvað vitnið það vera nokkuð eðlilegt ástand, en púlsinn hafi þó verið nálægt því að teljast

lækkaður. Varðandi hitastig hafi ekki verið unnt að mæla hann strax, en eftir að brotþoli hafi róast hafi líkamshiti hennar verið mældur 35.3 gráður og metnun 97%. Kvað vitnið að hitastigið hafi verið óeðlilegt. Brotþoli hafi í rauninni köld, en með eðlilega metnun. Vitnið kvaðst telja að brotþoli hafi ekki verið í bráðri lífshættu þegar vitnið hafi hitt hana á sjúkrahúsinu, en aftur á móti geti kæling verið lífshættuleg. Ef einstaklingur liggja áfram við þær aðstæður sem brotþoli hafi gert þá sé það lífshættulegt og dragi viðkomandi til dauða á endanum, en um tíma í því sambandi kvaðst vitnið ekki geta fullyrt um það með nákvæmni. Það fari eftir ýmsu. Brotþoli hafi verið nakin og áfengi dragi úr getu líkamans til að halda sér heitum, en auk þess fari þetta eftir hitastiginu út við, vindkælingu og öðru slíku. Kvaðst ekki geta sagt þetta með vissu, en aðspurður hvort verið væri að tala um að brotþoli hefði lifað eina klukkustund eða tíu klukkustundir kvað vitnið að þetta væri sennilega mjög fáir klukkutímar, eða ekki margir sem hún hefði þolað. Ekki væri hægt að fullyrða þetta með nákvæmni, en vitnið myndi halda að brotþoli hefði ekki lifað af nóttina til morguns. Miðað við það að í vottorði vitnisins komi fram að brotþoli hafi fundist liggjandi úti um kl. 05:10, miðað við árásin hafi gerst mjög stuttu áður, og að líkamshiti hafi verið þetta lágur, þá megi líklega ætla að líkamshitinn hafi fallið fremur hratt. Líkamshiti geti fallið mjög hratt þegar viðkomandi liggja nakinn úti í kulda. Fólk hafi dáið vel klæddir mjög hratt á fjöllum. Þetta fari eftir aðstæðum. Ítrekað aðspurður kvaðst vitnið telja að brotþoli hefði ekki lifað við þessar aðstæður til morguns. Aðspurður um hvort vitnið hafi getað átt samskipti við brotþola kvað vitnið að hún hafi ekki getað opnað augun og þar af leiðandi ekki getað séð hann, en hún hafi svarað en þó hafi ekki verið unnt að halda samtali við brotþola. Ekki hafi í raun komið nein svör. Til að mynda hefði vitnið ekki getað fengið hjá brotþola leyfi fyrir svokallaðri neyðarmóttökuskoðun og hafi það verið hluti af ástæðu þess að brotþoli hafi verið send til Reykjavíkur. Aðspurður kvað vitnið að óhjákvæmilegt hafi verið að flytja brotþola til Reykjavíkur þar sem nokkuð öruggt, eða a.m.k. mjög líklegt, hafi verið talið að hún væri andlitsbrotin og hafi vitnið t.d. ekki getað metið augnhreyfingar. Hafi vitnið talið nauðsynlegt að brotþoli yrði send til Reykjavíkur til nánari greiningu á andlitsáverkum og til að hún fengi sérfræðimyndgreiningu og skoðun. Áverkar á andliti og höfði hafi einir sér verið næg ástæða til að senda brotþola áfram til Reykjavíkur.

Aðspurður um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða kvaðst vitnið muna eftir henni. Um þá áverka sem þar séu taldir upp s.s. á hnúum og ristum, kvað vitnið að

ákærði hafi sjálfur sagt að áverkar á ristum væru gamlir. Á ristum hafi verið litabreytingar sem vitnið kvaðst ekki geta sagt með vissu að séu nýjar, en á hnúum hafi verið hrufilsár sem vitninu hafi fundist vera nýleg. Hrufl ulnart á úlnlið þýði nær sveif, þ.e. litlafingurs megin. Hrufl prox við hnúa 2-3 vinstri hönd þýði hnúar vísifingurs og löngutangar. Proxumalt við hnúa þýði að hrufilsárin séu handarbaksmegin við hnúa. Þetta geti hugsanlega verið eftir hnefahögg. Vitnið kvað að ákærði hafi gefið þá skýringu á litabreytingu á ristum að hann væri með kæk þar sem hann sparkaði í ristar sína, en þessar skýringar hafi ákærði gefið upp að fyrra bragði án þess að vitnið hafi spurt um ástæðu áverkanna við skoðunina. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa séð svona áverka áður á ristum í sambandi við þann ávana að nudda á sér ristarnar, en kvaðst ekki geta útilokað þetta 100%, en kvaðst ekki leggja á þetta trúnað. Þetta hafi verið mar á ristum og litabreytingar. Aðspurður hversu langan tíma svona mar taki að koma fram, kvað vitnið að mar geti komið fram samstundis ef það er nægilega öflugt. Þessar litabreytingar hafi verið nokkuð dökkar, sem geti bæði hafa þýtt létt ferskt nýlegt mar eða eftir endurtekna gamla áverka. Mar hafi ákveðna þróun. Bráð blæðing sjáist strax en svo þróist það út í dekkri lit og endi í bronslit áður en það hverfi. Þetta hafi ekki verið alveg fersk blæðing, en þetta hafi verið litabreyting sem hafi verið hugsanleg byrjun á mari eða krónískt mar. Annað hvort. Ekki kvaðst vitnið geta sagt til um aldur þessa. Aðspurður um aðra áverka á ákærða, s.s. hrufl á enni, undir vinstra auga, mar hægra megin á brjóstakassa, kvaðst vitnið ekki geta lagt á það almennilegt mat.

Aðspurður um það að í skýrslu vitnisins komi fram að ákærði sé með exem, þ.e. þurra og erta húð, kvað vitnið að vel sé þekkt að fólk með exem upplifi kláða frekar en aðrir og hafi tilhneigingu til að fá stundum litabreytingar, en vitnið kvaðst aldrei hafa séð það á ristum, en það sé mjög algengt að sjá langvarandi litabreytingar í olnbogabót eftir steranotkun og klór. Sama máli gegni á úlnliðum. Þetta séu tveir algengustu staðirnir með exem. Það geti líka stundum verið dökkt undir augum. Vitnið staðfesti vottorð sín um brotaþola og ákærða, en gat þess að í vottorði um brotaþola, dags. 17. september 2016, sé missagt, vegna flýtis við ritun vottorðsins, að áverkar hafi verið á kynfærum. Þarna hafi átt að standa „með hugsanlega áverka á kynfærum“, en það svæði hafi ekki verið skoðað.

Vitnið R, fyrrverandi starfsmaður á Lundanum, gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð og kvaðst hafa verið dyravörður þar þetta kvöld. Hafi vitnið séð ákærða og brotaþola fyrir utan Lundann og þau hafi verið eitthvað að kljást, en vitnið ekki

fylgst mikið með því. Svo hafi þau verið komin yfir ganginn við hurðina og þá hafi ákærði verið kominn með hausinn á brotaþola ofan í öskubakkann þar. Hafi vitnið ákveðið að grípa inn í og sagði ákærða að sleppa brotaþola strax, sem ákærði hafi gert. Hafi brotaþoli verið í sjokki og grátið og hafi vitnið sagt henni bara að fara heim til N eða O eða eitthvað og hafi hún hlaupið í burtu. Hafi vitnið talað aðeins við ákærða og skammað hann aðeins og svo hafi ákærði farið bara og vitnið ekki vitað meira. Aðspurður kvaðst vitnið telja að u.þ.b. 2 mínútur hafi liðið frá því að brotaþoli fór frá Lundanum uns ákærði fór þaðan. Aðspurður kvað vitnið að brotaþoli hafi enga áverka borið þegar hún hafi þá farið frá Lundanum. Þetta hafi verið svona glíma á milli þeirra. Kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt blóð, hvorki á vettvangi né á brotaþola. Vitnið bar aðspurður að ákærði hafi gefið þær skýringar að brotaþoli hafi verið að rífa kjaft við hana og hann verið ósáttur við það, en kvaðst ekki þora að fara með þetta. Brotaþoli hafi virst fegin að losna frá ákærða og hlaupið í burtu. Um ástand þeirra kvað vitnið að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis og erfiður í skapinu, en brotaþoli hafi verið í miklu sjokki eftir þetta og hlaupið í burtu. Aðspurður um birtuskilyrði og sjónarhorn kvað vitnið þarna hafa verið lýsingu og hafi hann séð þetta vel. Ákærði hafi tekið brotaþola taki og snúið hana niður og hún verið komin með andlitið ofan í öskubakkann. Hafi vitnið sagt ákærða að sleppa brotaþola og hann hlýtt því. Aðspurður um þann framburð sinn hjá lögreglu að ákærði hafi slegið brotaþola staðfesti vitnið það og kvað að ákærði hafi slegið aðeins til hennar. Um þann framburð sinn hjá lögreglu að hafa ekki séð áverka á brotaþola en að hafa séð líttillega á vinstri vanga brotaþola kvað vitnið fyrst að hann myndi ekki eftir því, en svo að hann rámaði í þetta. Nánar aðspurður kvað vitnið að það hafi þá verið einhvers konar lítills háttar meiðsli. Smá blóð eða sár kannski. Kvaðst ekki muna núna hvort það hafi verið í andliti brotaþola og kvaðst ekki muna hvar þetta hafi verið á brotaþola, alveg eins á hendi frekar en andliti. Hafi þetta ekki verið í andliti, enda hafi ákærði bara slegið brotaþola með flötum lófa. Kvaðst ekki muna hvort mögulegur áverki á brotaþola hafi verið á vinstri eða hægri hendi, en það hafi verið önnur hvor. Aðspurður kvaðst vitnið ekki geta lýst því hvernig þetta hafi litið út.

Vitnið S, fyrrverandi lögreglumaður, kom fyrir dóminn við aðlmeðferð, en vitnið var lögreglumaður á þeim tíma sem atvik gerðust. Vitnið kannaðist við að hafa komið á vettvang á Æ og rætt bæði við vitnin B og C. Þegar vitnið hafi komið á vettvang hafi B verið þar og þegar brotaþoli hafi verið farin þá hafi vitnið rætt stuttlega við B á vettvangi. Hafi B sagt vitninu hvernig hún hafi orðið vör við þetta.

Hafi B sagst hafa verið inni í húsinu og heyrð öskur og litið út og farið út og hafi brotþoli verið við hliðina á húsinu. Hafi B sagt að brotþoli hafi verið nakin en B sett fötin hennar yfir hana. Hafi B sagt að hún hafi séð manneskju ganga í burtu í austurátt. C hafi komið að og hafi vitnið talað við hann. Hafi C sagt að hann hafi verið að fara á sjó og verið akandi og séð brotþola og mann með henni, en C hafi ekki getað sagt til um hvaða maður það hafi verið. Vitnið kvaðst hafa farið einn á staðinn og hringt af vettvangi í varðstjóra sem hafi sagt sér í símann að skömmu áður hefði dyravörður á Lundanum haft samband og tilkynnt um átök þar fyrir utan, þar sem ákærði og brotþoli hefðu verið í átökum. Hafi Q varðstjóri tilkynnt D dyraverði að lögregla væri aðeins upptekin og D myndi hafa samband ef meira yrði. Hafi Q ákveðið að ræsa út bakvaktarmann og hafi í framhaldinu verið farið heim til ákærða. Aðspurður um lýsingu vitnanna á manni þessum kvað vitnið að honum hafi verið lýst sem dökklæddum manni og það, ásamt nafngreiningu D á ákærða vegna átakanna við brotþola skömmu áður, hafi leitt til þess að farið hafi verið heim til ákærða. Um viðbrögð ákærða kvað vitnið að [...] ákærða hafi komið til dýra og þeir hafi tilkynnt að þeir væru að leita að ákærða. Hafi hún sagt að hann væri inni í herbergi og farið og sótt hann. Hafi hún sagt að hann væri sofandi, en hann hafi komið fram. Vitnið kvaðst hafa rætt við E [...] ákærða og hafi hún sagt að hún hafi verið sofandi þegar hann hafi komið heim og að það hefði ekki liðið langur tími frá því að ákærði kom heim þangað til lögregla knúði dýra. Vitnið kvað að ákærða hafi verið tilkynnt ástæða þess að þeir væru komnir og hafi hann komið með þeim handjárnaður og hafi honum verið kynnt réttarstaða. Ákærði hafi ekki tjáð sig. Vitnið kvaðst hafa verið viðstaddur samtali Q varðstjóra við ákærða og sett inn í frumskýrslu það sem þeim hafi farið á milli og sem þar er greint frá. Ákærði hafi þarna fyrst ekki kannast við að hafa verið í neinum útistöðum, en þegar honum hafi verið kynnt að tilkynnt hafi verið um hann í átökum við kvenmann fyrir utan Lundann hafi hann kannast við það. Hafi ákærði sagt að kona hafi ætlað sér að valda skemmdum á Lundanum og því hafi hann tekið hana niður. Hafi ákærði spurt hvort lögregla hefði vitni að einhverjum frekari átökum og honum verið tjáð að svo væri ekki. Þá hafi ákærði sagt að ekkert meira hafi gerst. Þetta kvaðst vitnið hafa heyrt. Þarna hafi ákærða verið kynnt um átökin fyrir framan Lundann, en ekki hafi þá verið búið að segja honum meira og ekki búið að tilkynna honum um vettvang á Æ. Vitnið kvað aðspurður um upplýsingaskýrslu sína um samtali við brotþola að orðrétt væri þar eftir henni haft að hann hafi bara kýlt og kýlt og hann hafi bara viljað hana. Mjög erfitt hafi verið að ræða við brotþola, augu hennar sokkin

og hún verið í áfalli. Hún hafi ekki tjáð sig frekar við þá áður en hún hafi verið flutt til Reykjavíkur.

Aðspurður lýsti vitnið því að ákærði hafi bara tekið föt úr fatahrúgu í svefnherbergi sínu og klætt sig. Vitnið kvaðst ekki vita hvort það hafi verið sömu föt og hann hafi verið í áður en hann hafi komið heim.

Vitnið T, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og kannaðist við að hafa hitt brotþola, en það hafi að líkindum ekki verið fyrr en daginn eftir komu brotþola á sjúkrahús í Reykjavík, enda hafi hún fyrst afþakkað þjónustu Neyðarmóttöku. Aðspurð um samtal sitt við brotþola kvað vitnið að fyrst hafi verið um að ræða lítið samtal, enda brotþoli verið í uppnámi og áfalli. Hafi brotþoli legið í rúmi og ekki getað opnað augun og ekki viljað tala við neinn. Á endanum hafi brotþoli þegið skoðun og þá hafi vitnið verið kölluð til. Mundi vitnið ekki til annars en að skoðunin hafi gengið snurðulaust. Mjög erfitt hafi verið að hafa samtal við brotþola og kvaðst vitnið ekki geta svarað því hvort brotþoli hafi gert sér grein fyrir stöðu sinni. Vitnið kvaðst hafa myndað áverka á brotþola á Neyðarmóttöku. Beðin að lýsa þeim kvaðst vitnið muna eftir augum og höfuðáverkum brotþola, en annað muni hún ekki. Vitninu hafi brugðið við að sjá að brotþoli hafi verið stórslösuð. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið Q lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og staðfesti að símtal hafi borist til lögreglu frá D dyraverði á Lundanum. Hafi D sagt frá því að ákærði væri að atast eða djöflast í brotþola fyrir utan dyrnar á Lundanum. Hafi D sagst vita að þeir væru fáliðaðir, enda nýbúnir að taka annan mann á Lundanum, þannig að þeir hafi bara verið tveir á vakt. Hafi vitnið staðfest það við D, en orðið að sammæli að D léti þá vita ef þetta væri að fara eitthvað úr böndunum eða yrði meira eitthvað úr þessu. Svo hafi komið tilkynning um að kona hafi orðið fyrir árás á Æ. Um það hvað hafi orðið til þess að sjónir lögreglu hafi beinst að ákærða kvað vitnið að mjög lítil umferð hafi verið búin að vera og mjög rólegt í bænum. Tilkynningin hafi verið óljós en þó átt að vera þarna nakin kona. Hafi S farið á staðinn og vitnið sagt honum strax að vitnið myndi kalla út aukavaktina, sem hafi verið U. Minnti vitnið að S hafi farið einn á vettvang. Svo hafi S látið vita að það hafi verið A sem hafi verið ráðist á og þá hafi vitnið sagt við S að ekki kæmi annað til greina en að ákærði hafi verið þar að verki. Sér hafi þótt þetta lang líklegast. Hafi vitnið sagt þeim að fara heim til ákærða og kanna hvort hann væri heima við. Hafi lögreglumennirnir farið heim til ákærða og [...] hans komið til dyra og sagt að ákærði væri ný kominn heim. Hafi

ákærði verið handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem vitnið hafi rætt við hann og tekin af honum skýrsla. Hafi ákærði ekki kannast við að hafa verið í átökum við einn eða neinn, en svo hafi vitnið sagt ákærða að lögreglu hafi borist tilkynning um að ákærði hafi verið að ráðast á brotþola. Hafi ákærði ekki kannast við það. Þá hafi vitnið sagt ákærða að tilkynning hafi komið frá vitni við Lundann að ákærði hafi ráðist á brotþola. Þá hafi ákærði kannast við það að hafa verið að snúa hana niður eða eitthvað. Svo hafi ákærði spurt eitthvað á þá leið hvort væri „eitthvað vitni að hinum staðnum“? Hafi því verið neitað. Kvaðst vitnið ekki minnast þess að þá hafi verið búið að nefna hvar hin árásin hafi átt að hafa farið fram. Hafi svo ákærði ekki viljað kannast við þá árás. Vitnið kvaðst ekki muna hvort vitnið hafi verið sá lögreglumaður sem gekk leiðina frá Lundanum að Æ, en staðfesti það þó þegar honum var kynnt skýrsla um það. Kvaðst muna að þeir hafi mælt þetta, en ekki sérstaklega að hafa gengið þetta sjálfur. Vitnið staðfesti að hafa tekið myndir af ákærða og höndum hans og fótum. Vitnið kvaðst hafa fundist sár á fótum ákærða vera fersk.

Vitnið I læknir kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og kvaðst hafa verið við störf á bráðamóttöku í Fossvogi þegar brotþoli hafi verið flutt þangað með þyrlu að morgni 17. september 2016. Við komu hafi brotþoli gefið frekar takmarkaða sögu þar sem hún hafi sagst ekki muna vel eftir atvikum og þótt óþægilegt að tala um þetta, erfitt að tjá sig og verið örmagna. Hafi hún þó sagt að hún hafi verið að tala við einn karlmann sem hún hafi hitt og hann hafi sagt að hann hafi fundið símann hennar á bak við skemmtistaðinn Lundann. Þessi karlmaður hafi ráðist á hana en meira hafi hún ekki munað eða getað sagt frá. Brotþoli hafi verið vakandi en dauf og örþreytt að sjá. Hún hafi verið mjög bólgin í báðum augntóftum og báðum augnlokum þannig að hún hafi ekki getað séð út fyrir bólgu. Hafi verið mikið mar, þ.e. glóðarauga, beggja vegna. Lítil skurður hafi verið yfir annarri augabrún sem hafi þurft 5 spor til að sauma. Ekki hafi brotþoli kvartað um tvísýni. Skrapsár hafi verið aftan á hnacka, en kjálki, kok og munnur í lagi. Skrapsár aftan á brjóstþrygg en engin bankeymsli og ekkert hafi verið athugavert við kvið, brjóstkassa, hjarta og lungum. Roði og eymsli hafi verið ofarlega á vinstri rasskinn og merki um álag eða lítið skrap á báðum hnjám en engin opin sár þar. Gerð hafi verið tölvusneiðmynd af höfði sem hafi sýnt brot í gólfi hægri augntóftar, þ.e. undir sjálfu auganu. Hafi þetta verið um 1 cm brotflaski sem hafi verið aðeins hliðraður í kinnholuna fyrir neðan. Ekki hafi greinst önnur brot á andlitsbeinum. Heildarskann af kvið og brjóstkassa hafi ekki sýnt neina áverka, eða vökva í kvið. Um brot í gólfi augntóftar kvað vitnið að talsvert afl eða högg þurfi til

slíks brots. Minna högg geti dugað ef það sé veitt með einhverju skörpu, en ekki hafi verið sjáanlegt sár sem myndi svara til slíks. Svona brot geti komið við fall, en það sé þó fremur ólíklegt að þá komi jöfn bólga yfir bæði augu. Þetta sé nánast óhugsandi við að falla á jafnsléttu, nema mögulega ef nefbrot myndi fylgja. Svona brot taki 8-10 vikur að jafna sig og mjúkvefirnir sömuleiðis. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið K sálfræðingur, dómkvaddur matsmaður, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og staðfesti matsgerð sína um brotþola og hagi hennar. Vitnið lýsti því að ekki hafi verið hlaupið að því að fá brotþola til að hitta sig, en hún hafi verið mjög tortryggin, en hún hafi svo sæst á að hitta vitnið erlendis. Þau hafi hist á kaffihúsi. Brotþoli hafi haft áberandi geðrofseinkenni og verið mjög ör og í manísku ástandi. Geðrofseinkenni hafi verið mjög skýr paranoiú og aðsóknarhugsanir. hafi hún verið sannfærð um að ósýnilegar myndvélur væru til staðar og samsæri gegn henni og hafi samsærið bæði verið frá kvótafólki, bankafólki og lögreglu. Hafi brotþoli verið að drekka bjór en ekki virst vera drukkin enda vart snert bjórinn sinn. Hafi brotþoli verið mjög tortryggin í fyrstu og viljað að hann færi bara. Hennar aðalatriði hafi verið að fá frumgögn öll um sig, en hún hafi ekki viljað að lögregla hefði þau. Engin leið hafi verið til að fá brotþola hingað eða til að tala við lögreglu og allra síst lögregluna í Vestmannaeyjum. Ekki hafi brotþoli viljað ræða þetta mál neitt, en sagt að hún hafi orðið fyrir árás og brotnað við auga og væri að ná sér eftir það. Brotþoli sé mjög langtímaveik með mjög alvarleg geðræn veikindi. Kvaðst vitnið telja að brotþoli sé ekki hæf til að koma með áreiðanlegan vitnisburð í málinu. Eftir þeim upplýsingum sem vitnið hafi fengið frá félagsráðgjöfum og vini hennar hafi vitnið talið ljóst að þessi veikindi brotþola hafi verið alla tíð og hún verið með geðrofseinkenni til margra ára og jafnvel alla tíð frá æsku. Kvað vitnið að brotþoli hafi alveg áttað sig á því að hún hafi orðið fyrir alvarlegri árás. Sé það enda eitt af skilmerkjum í áfallafræði að vilja ekki ræða eða hugsa um slíkan atburð. Varðandi áverka sem hún hafi fengið hafi brotþoli aðallega talað um brotið í augnbotninum. Nánast ekkert hafi sést af því.

Vitnið J, fyrrverandi lögreglumaður, sérfræðingur lögreglu með meistaragráðu í réttarvísindum með DNA greiningar sem aðalfag, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því aðspurður um leggingsbuxur brotþola að skoðun hafi leitt í ljós litla rifu í strengnum og þar undir hafi sést í teygjuna í strengnum og í teygjunni hafi mátt sjá lítilræði af rauðleitu kámi sem hafi gefið svörun við blóðprófi. Þrjár rifur hafi verið í lærishæð á hægri skálm og aðrar þrjár í lærishæð á vinstri skálm og neðst á vinstri skálm framanverðri hafi verið 26 cm löng rifa sem hafi náð frá efri brún og upp. Útlit

Þessara rifa hafi verið þannig að brúnir hafi verið tættar, sem bendi frekar til þess að efnið hafi rifnað en ekki verið skorið. Stóra rifan neðst á framanverðri skálm hafi farið í gegnum faldinn, en til þess þurfi smá átak, þannig að líklegra sé að sú rifa hafi myndast við einhvers konar átak. Litlu rifurnar geti vel komið við það að detta, en fatnaðurinn hafi verði óhreinn og með greinilegu göturyki eða mold þannig að buxurnar geti hafa nuddast við eða fallið á stétt og það orsakað litlu rifurnar, eða þetta hafi verið eldra slit.

Um brjóstahaldara brotaþola lýsti vitnið því að skemmdir hafi verið í festingum. Á hægri bakstykki séu tvær krækjur. Hafi efri krækjan verið fallin úr og hin hafi bognað þannig að hún hafi staðið nánast 90 gráður út frá efninu. Á vinstra bakstykki hafi verið þrjú pör af lykkjum og hafi efnið þar verið dregið þannig að greinilega hafi komið tog í efnið. Efri lykkjan sem hafi verið fallin hafi verið föst í einni krækjunni þannig að mjög líklegt sé að þessar skemmdir séu tilkomnar eftir tog. Ekki hafi verið mælt hversu mikið tog þurfi til þess.

Um jakka brotaþola kvað vitnið að í hægri armkrika hafi verið 21 cm löng rifa í hliðarsaumnum og hafi rifan náð niður eftir síðunni og inn á ermina sjálfa. Hafi rifan bæði verið í ytra og innra byrði þannig að ólíklegt sé að það sé eftir saumsprettu, en líklegt sé að það sé eftir einhverskonar átak eða tog úr því að bæði innra og ytra byrði sé rifið á sama stað. Ekki geti vitnið sagt til um hvort þessi skemmd hafi verið ný.

Niðurstaða vitnisins sé sú að skemmdir á brjóstahaldara séu mjög ólíklega eftir annað en átak eða tog og sama með rifuna í armkrika jakkans. Stóra rifan á leggingsbuxunum sé ólíklega eftir annað en einhvers konar tog, en ekki sé unnt að segja til um hvenær það hafi gerst. Litlu rifurnar á leggingsbuxunum geti verið slitskemmdir eða eftir fall í götu eða annað.

Um rannsókn á fatnaði ákærða lýsti vitnið því að á vinstri skó ákærða hafi verið sjáanlegir 5 rauðleitir eða brúnleitir blettir og hafi vitnið tekið sýni úr þeim öllum og prófað með blóðprófi. Tvö þeirra sýna hafi gefið jákvæða svörun við forprófi og staðfestingarprófi sem mennskt blóð. Annars vegar hafi verið um að ræða kámblett ofan á skónum og svo lítinn blett á vinstri kanti. Sýni úr báðum þessum blettum hafi verið send utan til DNA greiningar og hafi báðir verið samkenndir við brotaþola.

Seinna, þ.e. á árinu 2019, hafi verið send til rannsóknar sýni úr klæðum brotaþola, sem tekin hafi verið með nýrri DNA ryksugutækni, en út úr þeirri rannsókn hafi aðeins sýnt að DNA í leggingsbuxum brotaþola hafi verið úr brotaþola. Ekki hafi komið fram önnur DNA sýni og ekkert frá annarri manneskju en brotaþola.

Aðspurður um það hvort geti hafa haft áhrif á þetta, að fatnaður brotaþola hafi verið blautur eða rakur kvað vitnið að það færi eftir því hversu mikið fatnaðurinn hafi blotnað. Það að ekkert skuli hafa komið fram í hinum sýnunum, ekki einu sinni frá brotaþola, bendi til þess að sýnin hafi glatast, en um þetta megi ekki fullyrða.

Vitnið staðfesti allar skýrslur sem bera hans undirskrift.

Vitnið L, réttarmeinafræðingur og dómkvaddur matsmaður, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og vísaði til matsgerðar sinnar og viðbótarmatsgerðar. Kvað vitnið að brotaþoli hafi hlotið all mörg högg og áverka af hliðlægum orsökum, á ýmsa hluta líkamans. Þungi, staðsetning og eðli áverkanna bendi sterklega til aðildar utanaðkomandi aðila, einkum sýnilegir áverkar á andliti brotaþola. Þeir séu afleiðingar hnitmiðaðra högga, að hluta vegna margra hnefahögga sem slegin hafi verið af miklu afli, en að hluta til vegna sparka eða tramps sem hafi verið veitt af miðlungsaflí. Þetta sé um áverka í andliti. Á hægri hluta ennis megi sjá mar með mynstri og þegar mynstrið sé lagt við og borið saman við mynstur á skósólum ákærða megi sjá að það passi saman. Vitnið sýndi þetta með myndýningu á skjávarpa og voru myndir sem vitnið sýndi lagðar fram útprentaðar við skýrslugjöf vitnisins, en þær ljósmyndir höfðu áður verið afhentar matsmanni og eru í gögnum málsins á disk. Megi af þessu álykta að þessi áverki hafi verið gerður með traðki eða sparki með þessum skó eða viðlíka skó á þann hátt að skósólinn hafi snert ennið. Að auki hafi brotaþoli haft ýmsa yfirborðsáverka eða grunn sár sem hafi orðið vegna snertingar við sljóan hlut með óreglulegu yfirborði og gætu hafa komið við traðki af skó eða snertingu við óreglulegt yfirborð s.s. samsvarandi gólf eða jörð. Þá hafi brotaþoli haft skurðsár á vinstri augabrún, en ekki hafi verið neitt hrúfl í kringum sárið, sem sýni að þetta hafi verið höggáverki sem ekki hafi orsakast af falli og gæti hafa orsakast af hnefahöggi eða traðki með skó. Áverkarnir á andlitinu kringum bæði augun hafi verið þrútin og með litabreytingum á ósködduðu hörundi, en til að valda slíkum áverkum hafi þurft snertingu með fremur sljóum og mjúkum hlut eða líkamshluta s.s. hnefa. Þessi áverki á hökuna sé tvíþættur, annars vegar litabreyting og hins vegar miðlægt hrúfl sem sé umfangsminna en litabreytingin. Þetta hafi komið annað hvort við spark eða hnefahögg á hörundið og til viðbótar snertingu við óreglulegan flöt s.s. samsvarandi gólfi, jörð eða teppi. Áverkar á olnbogum séu dæmigerðir áverkar sem tengist falli og endurþegli viðbrögð brotaþola þegar hún hafi fallið aftur fyrir sig. Litlir mynstraðir marblettir á hægri upphandlegg hafi dæmigerð einkenni gripáverka. Auk þess hafi sá lægri hrúfl sem geti hafa orsakast af núningi við flík. Áverkar á báðum hnjám

brotapola séu dæmigerðir fyrir snertingu við harðan flöt og með rispum samhliða því, annað hvort vegna þess að krjúpa og skriða eða liggja flatur og vera færður til. Áverkar á baki séu blanda af höggáverkum og klóri. Efri áverkarnir séu að líkindum tilkomnir vegna snertingar við fingurneqlur, en hinir sem lægri séu tilkomnir vegna höggáverka sem geti verið vegna falls eða byltu, sparka eða hnefahögga en ekki verði það greint nánar.

Þá gerði vitnið grein fyrir því að hafa fengið ljósmyndir af tveimur strigaskóm. Á þessum skóm hafi verið tveir blóðblettir. Þeir hafi verið túlkaðir sem slettur, á vinstri hlið vinstri skós og á vinstri hlið meginefnis hægri skós. Þessir blettir hafi komið við slettur eftir litla blóðdropa og megi meta þá svo að vinstri skórinn hafi verið mjög nálægt brotapolu þegar hún hafi fengið a.m.k. eitt högg á andlitið, sem þá þegar hafi orðið fyrir áverka. Ekki hafi verið nein skýr merki á skónum um beina snertingu við blóðugt andlit brotapolu. Það útiloki þó ekki spark eða tramp á yfirborð sem ekki hafi verið blóði drifið. Blóð hafi verið á andliti brotapolu, sem hafi slest á skóinn, þegar hún hafi fengið högg á blóðugt yfirborð andlitsins. Til að þetta geti gerst þurfi skórinn að vera nærri hinu blóðuga andliti. Engin merki séu um að skórinn hafi snert andlitið þar sem blóð hafi verið á andlitinu. Aðspurður um nánari skilgreiningu á hvað átt sé við með „litlum blóðdropum“, kvað vitnið að þá vísaði hann til mun minna magns en millilítra, mögulega mikrómillilítra, mjög lítið. Aðspurður um hvers vegna gert væri ráð fyrir að blóðið kæmi úr andliti kvað vitnið að ekki vissi vitnið til þess að brotapolu hafi blætt annars staðar en í andliti. Aðspurður kvað vitnið að myndir af skó séu myndir sem hafi verið í blóðblettarannsókn. Honum hafi verið færð þessi mynd af lögreglunni vegna matsstarfa vegna blóðblettarannsóknar. Sérstaklega aðspurður lýsti vitnið því að samsvörun væri milli mynsturs á skósólanum og mynsturs í áverka á enni brotapolu. Samsvörunin sé mjög greinileg. Vitnið sýndi þessa samsvörun og útskýrði í vitnisburði sínum.

Aðspurður um það að vitnið væri afdráttarlaus í framburði sínum fyrir dómi um samsvörun milli mynsturs á skósóla og mynsturs í áverka á enni brotapolu, sem hann hefði ekki verið í niðurstöðum matsgerðar sinnar, kvaðst vitnið viðurkenna það að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þessu, eða orðið þetta ljóst, fyrr en hann hafi verið að undirbúa sig fyrir framburð sinn við aðalmeðferð málsins. Þetta sé orsök þess að þessi niðurstaða komi ekki fram í matsgerðinni.

Aðspurður um það að í nánast öllum niðurstöðum sínum í matsgerðum hafi vitnið mikla fyrirvara um þær niðurstöður og hvort vitnið væri í raun að falla frá þeim

fyrirvörum kvað vitnið það einungis eiga við um mynstrið á enni brotaþola. Aðrir áverkar, eða sumir þeirra, hafi getað orsakast með ýmsum hætti, s.s höggáverki sem aðeins skilji eftir mar t.a.m. um augun, sanni að þetta hafi ekki stafað af snertingu við óreglulegan harðan flöt, en ýmsir myndunarmöguleikar komi til greina s.s spörk og traðk. Því sé þeim áverkum lýst með ýmsum myndunarmöguleikum. Aðrir áverkar, s.s klórför eða rispur á baki, séu ekki orskaðir aðeins með höggáverka þannig að hluta áverkanna megi útiloka, en aðrir möguleikar séu fyrir hendi en aðeins rispur með fingurnöglum, en í þessu tilviki séu það þó líklegustu orsakirnar.

Aðspurður kvaðst vitnið hafa starfað hér á landi frá árinu 2016 og starfað fyrir lögreglu síðan, m.a. við krufningar. Kvaðst ekki hafa tölu á verkefnum, en mögulega 20, en mun meira hafi vitnið starfað erlendis allt frá árinu 2007. Vitnið kvaðst hafa doktorspróf í fræðum sínum og starfa við kennslu í Háskóla Íslands.

Aðspurður um mat sitt á ákærða kvað vitnið að myndir hafi sýnt þrota og margúla á hnúum vísifingurs og löngutangar vinstri handar og á baugfingri hægri handar. Þessir áverkar hafi verið stutt fram gengnir á myndunum, en matið takmarkist af því hvernig myndin sé tekin. Þó megi segja að áverkarnir séu afleiðing höggs á fremur hart yfirborð, en þó ekki á óreglulegt yfirborð, s.s á andlit eða líkamshluta. Hefði hér verið um að ræða óreglulegan harðan flöt þá hefði mátt búast við sárum á hörund, en þeim hafi ekki verið til að dreifa. Þessu til viðbótar hafi verið mar á ristum beggja fóta. Þessir áverkar hafi verið mjög ódæmigerðir og geti hafa orsakast af því að ákærði hafi sparkað og ristin þá komið við viðkomandi flöt, eða og jafnlíklega af því að trampað eða stigið hafi verið á fætur hans. Auk þessa hafi verið smávægilegar skrámur á enni, undir vinstra auga og á baki. Möguleg orsök geti verið klór með fingurnöglum. Samanlagt geti áverkarnir bent til beinnar líkamssnertingar við annan aðila. Aðspurður kvað vitnið að lýstir áverkar væru á báðum höndum brotaþola, en meira þróaðir á vinstri hendi. Megi sjá það á litum. Meiri höggþungi hafi því verið á vinstri hönd. Aðspurður kvað vitnið að áverkarnir væru nýrri en 24 stunda gamlir vegna þess að eftir 24 stundir, með vikmörkum 3 stundir, komi fram greinilegur gulur litur en hann hafi ekki sést hér. Aðspurður um samanburð á áverkum á hnúum og ristum kvað vitnið að áverkarnir sýndust ámóta gamlir á hnúum og ristum. Áverkarnir á fótunum séu ekki á dæmigerðum stöðum, a.m.k. hjá þeim sem kunni til í bardagaíþróttum. Hins vegar séu áverkar á hnúum dæmigerðir fyrir hnefahögg. Aðspurður hvort unnt væri að segja til um það hvort viðkomandi hafi verið í skóm kvað vitnið það ekki vera hægt.

Aðspurður hvort mögulegt væri að blóðblettur á skó hafi getað fallið á skóinn úr eins metra hæð, kvað vitnið það geta verið ef skóinn hefði verið lítilliga uppásnúinn. Það sé ólíklegt að viðkomandi hafi staðið og fengið blóðdropann á skóinn, en það ráðist af fjarlægðinni. Blóð falli í bogadregnum ferli gegnum loftið eftir aðdráttarafla jarðar, en þannig ráðist ákoman af falli og fjarlægð. Mögulegt sé að blóðdropinn hafi verið í lok hins bogadregna ferlis og þá gæti viðkomandi hafa staðið þegar dropinn kom á skóinn.

Aðspurður um líkindi þess að áverkar á ristum hafi komið við að hafa nuddað saman fótum kvað vitnið að slíkt myndi leiða af sér einn áverkaflokk með óreglulegum útlínum, en hér séu tveir áverkafletir, sem gangi gegn skýringu ákærða. Aukin heldur sé það svo að það að nudda saman fótum valdi roða í húðinni en engu mari, en mar sé blæðing undir húð. Þetta geti þannig ekki hafa gerst með því að nudda saman fótum.

Aðspurður um blóðbletti á skóm kvað vitnið blóðið hafa getað hafa fallið niður og dottið á skóna hvernig sem er.

Vitnið M kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og kvaðst hafa verið að vinna á Lundanum umrætt sinn. Aðspurður um afskipti sín af ákærða og brotaþola kvaðst vitnið hafa tekið eftir því allt kvöldið að ákærði hafi ekki verið að láta brotaþola í friði. Hafi ákærði verið að leita eftir veseni við brotaþola. Þegar allir hafi verið farnir og búið að loka, þá hafi þau tvö verið ein eftir og þá hafi ákærði haldið eitthvað áfram að rífast við hana. Kvaðst vitnið hafa verið að þrifa hjá spilakössunum og þá hafi hann heyrt læti úti, öskur og eitthvað. Glugginn sé svona filmaður og hafi vitnið séð að þar hafi verið einhver átök. Vitnið hafi kallað á strákana og þeir hafi eitthvað opnað dyrnar, en vitnið kvaðst ekki vitað hvað hafi farið þar á milli, en strákarnir hafi verið þarna eitthvað að ræða við ákærða sem hafi sleppt brotaþola. Vitnið kvaðst muna að brotaþoli hafi verið eitthvað vælandi og segjandi að hann ætlaði að drepa sig. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt sjálfur við ákærða og brotaþola þegar þetta var. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þau, en áður hafi vitnið séð út að ákærði hafi verið að berja hausinn á brotaþola í steiptan öskubakka. Þetta hafi vitnið séð. Vitnið kvað að þegar hann hafi opnað dyrnar hafi ákærði haft hálstak á brotaþola og haldið henni alveg niðri og haldið annarri hendinni þannig að hún hafi ekkert gert. Hafi vitnið þá kallað á strákana og þeir komið og þá hafi ákærði sleppt takinu á brotaþola. Vitnið kvaðst ekki hafa séð í andlit brotaþola og kvaðst ekki geta fullyrt hvort hún hafi verið með áverka eða ekki. Vitnið kvaðs brotaþola hafa farið á undan ákærða, því þeir hafi enn verið að tala við ákærða en þá hafi ekki heyrst neitt í brotaþola. Aðspurður kvaðst vitnið muna að hafa

gefið framburð hjá lögreglu. Ekki kvaðst vitnið muna eftir því hver framburður hans hafi verið þá og hvers vegna hann hafi gefið seinni skýrslu sína, en hann hafi á þessum tíma munað þetta betur en nú. Aðspurður um þann framburð sinn þá að hafa séð andlit brotþola greinilega og hafi það snúið beint að vitninu kvaðst vitnið ekki muna svona smáatriði núna. Kvaðst ekki muna það í dag hvort hann hafi séð greinilega framan í hana og hvort hún hafi verið með áverka. Aðspurður um það þegar vitnið hafi séð ákærða berja höfði brotþola í steypa öskubakkann, hvort vitnið hafi séð hvernig ákærði hafi staðið, kvað vitnið að ákærði hafi getað nýtt afl fótanna og hafi haldið í handlegg brotþola og keyrt andlit hennar nokkrum sinnum í öskubakkann. Aðspurður á ný kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvort hann hafi séð framan í brotþola.

Vitnið C kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og kannaðist við að hafa hitt einhvern mann fyrir framan heimili sitt að Æ í september 2016. Kvaðst ekki geta lýst manninum nú frekar en fyrr. Maðurinn hafi komið að bílhurðinni hjá sér og vitnið hafi litið á hann augnablik og hafi maðurinn verið dökkur og svartskeggjaður. Aðspurður um lýsingu sína á manni þessum í skýrslu hjá lögreglu á þeim tíma kvaðst vitnið minna að hann hafi bara sagt það sama, en kvað vel geta verið að hann hafi lýst honum betur þá. Aðspurður hvort maðurinn hafi rætt eitthvað við sig kvað vitnið að maðurinn hafi bara spurt sig hvort hann hafi séð konu eða stúlku þarna á gangi. Í sama bili hafi maðurinn séð stelpu þarna fyrir neðan og farið bara. Ekki kvaðst vitnið aðspurður hafa tekið eftir því hvort maður þessi hafi verið með sígarettu. Hafi svo vitnið haldið sína leið og ekki orðið annars var. Aðspurður um það sem haft hafi verið eftir B, nágretta vitnisins, um að vitnið hafi sagt að fyrr um nóttina hafi vitnið heyrt einhver læti í brotþola og tveimur karlmönnum, kvað vitnið að þetta sé bara misskilningur og vitleysa. Kvaðst ekki hafa heyrt nein læti í henni. Aðspurður kvað vitnið að maðurinn hafi sagt „nei þarna er hún“ og taldi vitnið að maðurinn hafi farið á eftir henni eða til hennar. Vitnið kvaðst hafa séð konuna en ekki hafi hann þá vitað hver hún var, en þegar vitnið hafi komið til baka hafi konan legið í götunni og B verið yfir henni. Þetta hafi verið sama konan. Ekkert kvaðst vitnið vita hvaða maður þetta hafi verið.

Vitnið V lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og staðfesti að hafa tekið skýrslu af brotþola. Brotþoli hafi lítið getað og viljað tjá sig. Allt hafi þetta verið mjög óljóst, en vitnið hafi í þrígang talað við brotþola. Ekki hafi brotþoli lagt fram refsí- og bótakröfu á hendur neinum sérstökum manni, en þegar brotþoli viti ekki deili á geranda þá sé ekki refsí- og bótakrafa á hendur neinum tilteknum.

Vitnið X gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð og kannaðist við að hafa verið að vinna á Lundanum umrædda nótt. Aðspurður um afskipti sín af ákærða og brotþola kvaðst vitnið hafa áður gefið skýrslu hjá lögreglu. Þeir hafi verið búnir að loka og þá hafi vitnið verið að ganga frá á barnum, þegar M hafi sagt að eitthvað væri að gerast fyrir utan. Þeir hafi þá farið út og þar hafi þau verið fyrir utan í einhverjum átökum, ákærði og brotþoli. Hafi þeir stöðvað þetta og þá hafi brotþoli strax hlaupið í burtu. Á þessum tímapunkti hafi verið búið að hringja á lögregluna en þeir hafi verið í öðru útkalli og ekki komist. Þannig að þegar þeir hafi verið búnir að ræða stuttlega við ákærða hafi þeir bara sagt honum að fara heim, sleppt honum og farið aftur inn. Vitnið kvaðst í raun ekki hafa rætt við brotþola vegna þess að um leið og þeir hafi komið út þá bara hafi hún hlaupið í burtu. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa séð blóð á brotþola eða á vettvangi, en kvaðst ekki muna hvað vitnið hafi sagt um þetta í lögregluskýrslu, en hann minnti að ekki hafi vitnið séð neitt blóð. Aðspurður um hve langur tími hafi liðið frá því að brotþoli fór uns ákærði fór kvað vitnið að það hafi verið í mesta lagi 2-3 mínútur á að giska. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að hafa ekki séð framan í brotþola og ekki séð neina áverka á henni kvað vitnið vel geta verið að hann hafi munað þetta betur þá, en ítrekaði að hann myndi ekki eftir neinu blóði eða slíku.

Vitnið D, starfsmaður á Lundanum, gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð og staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu. Kvaðst vitnið muna að hafa orðið var við ákærða og brotþola þarna innan dyra, en þau hafi einhver samskipti átt. Þegar hafi verið búið að loka hafi þeir orðið varir við að fólk væri beint fyrir utan dyrnar. Hafi verið einhver kýtingur í gangi. Þeir hafi farið fram í dyr og þá hafi eitthvað verið búið að ganga á og þau verið hálf ofan í steinsteyptum öskubakka. Þau hafi sýnilega bæði verið mjög ölvuð og verið beðin um að fara. Hafi verið hringt á lögreglu og óskað eftir aðstoð, en lögregla hafi ekki getað sinnt því. Vitnið kvað einhver orð hafa farið á milli sín og þeirra, en kvaðst ekki muna það návæmlega. Aðspurður hvort vitnið hafi séð framan í brotþola kvaðst vitnið hafa vitað vel hver þau voru og verið búinn að sjá þau út um gluggann, en kvaðst ekki hafa séð að brotþoli væri slösuð eða þannig. Kvaðst margoft hafa hugsað þetta eftir á, vegna framhaldsins. Vitnið hefði aldrei látið neinn fara slasaðan burt ef hann hefði séð eitthvað blóð eða þesslegt sem hefði verið talið alvarlegt. Um það hve langur tími hafi liðið frá því að brotþoli fór uns ákærði fór kvað vitnið að þetta hafi allt gerst í svipuðum tímaramma. Kvaðst ekki vita hvort þeirra hafi fyrr gengið upp tröppurnar, en þetta hafi gerst á mjög svipuðum tíma að þau hafi

gengið upp og horfið fyrir hornið. Það síðasta sem vitnið muni sé að þau hafi bæði verið fyrir ofan tröppurnar. Aðspurður um skýrslugjöf sína hjá lögreglu um að hafa ekki séð framan í brotapolu heldur hafa séð aftan á hana þegar hún hafi gengið í burtu, kvaðst vitnið ekki muna þetta núna, en þegar skýrslan hafi verið tekin af honum þá hafi verið stutt liðið frá atburðinum þannig að sá framburður hljóti að hafa verið réttur. Ef vitnið hefði séð blóð eða áverka á þeim þá hefðu þau ekki verið látin fara bara burt. Vitnið kvaðst ekki geta svarið fyrir að blóð hafi verið á brotapolu, en venjulega yrði maður nú var við það. Ekki hafi verið nein merki slíks fyrir utan.

### **Forsendur og niðurstaða**

Ákæra í máli þessu er í tveimur liðum. Ákærði hefur skýlaust játað háttsemi sem lýst er í fyrri ákærulið og er játningin í samræmi við gögn málsins og þykja engin efni til að draga í efa réttmæti hennar. Er sú háttsemi sönnuð með játningu ákærða og fram lögðum gögnum málsins. Er háttsemin jafnframt réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Við úrlausn þeirra sakargifta sem bornar eru á ákærða í ákærulið II verður lítt stuðst við framburð ákærða og brotapolu, en hvorugt þeirra gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Þá eru skýrslur brotapolu hjá lögreglu óglöggar og óskýrar og bera þess merki að brotapolu á við að stríða mikla andlega vanheilsu. Framburður ákærða hjá lögreglu er að mati dómsins fremur ótrúverðugur, en hér má nefna að hann hafði engar skýringar fram að færa á öllum þeir áverkum sem hann bar, að frátöldu mari á ristum, en eins og að framan greinir þá standast þær skýringar ekki. Þá ber hér að geta framburðar lögreglumannsins Q um fyrstu viðbrögð ákærða á lögreglustöð, þegar hann neitað alfarið hvers kyns átökum þangað til honum var kynnt að vitni væru að átökum hans við konu við Lundann, en spurði svo hvort væru nokkuð vitni að neinu öðru.

Að mati dómsins er augljóst og þarf ekki að fjölyrða um að brotapolu hafi orðið fyrir stórfelldri árás, enda er engin önnur skynsamleg skýring á þeim áverkum sem hún bar og á því ástandi sem föt hennar voru í, samanber m.a. framburð J um skemmdir í leggingsbuxum hennar og brjóstahaldara og framburð og matsgerð L um áverka á henni.

Brotapolu fannst á götunni í rúmlega mínútu göngufæri frá Lundanum og var tilkynnt um hana kl. 05:13, en ætla verður að þá hafi hún legið þar um nokkra stund að því gættu að eftir komu á sjúkrahús var líkamshiti hennar lækkaður niður í 35,3

gráður. Þá er upplýst skv. framburðum starfsmanna Lundans að brotaþoli og ákærði voru tvö ein eftir við Lundann og að brotaþoli fór þaðan mjög skömmu á undan ákærða, en skv. upptökum úr eftirlitsmyndavélum fór ákærði þaðan upp úr kl. 04:43 og um 3 mínútum síðar ók C fram hjá, en hann hefur lýst því að karlmaður hafi rétt áður verið að spyrja eftir konu og svo séð hana, en það hafi verið brotaþoli.

Fyrir liggur að skömmu áður en brotaþoli og ákærði fóru frá Lundanum hafði kastast í kekki á milli þeirra og er upplýst að ákærði veittist þar að brotaþola, sbr. ákærulið I, svo að starfsmenn Lundans töldu ástæðu til að hafa af þeim afskipti, en ekkert hefur komið fram í málinu um að brotaþoli hafi átt sökótt við neinn annan á þessum stað og tíma og hefur ekkert komið fram um það í málinu að öðru leyti að einhver hafi viljað gera henni illt.

Þá hefur það komið fram, bæði hjá vitnum, sem og í upptökum eftirlitsmyndavéla að afar fátt fólk, ef nokkuð, var á ferli í miðbæ Vestmannaeyja þessa nótt, á þeim þrönga tímaramma sem horft er til.

Ekki liggur neitt fyrir í málinu handfast um að brotaþoli hafi borið áverka eða henni hafi blætt eftir hin fyrri samskipti þeirra fyrir utan Lundann. Ákærði bar sjálfur um það hjá lögreglu að svo hafi ekki verið og að hann hefði gætt þess sérstaklega að það myndi ekki verða. Ekkert vitni, hvorki starfsmenn Lundans, né lögreglumenn, hafa lýst því að hafa orðið varir við blóð á vettvangi fyrir utan Lundann.

Lýsingar vitnanna B og C passa við ákærða svo langt sem þær ná, en hvorugt þeirra gat þó lýst manningu að verulegu marki. Hinar takmörkuðu lýsingar þeirra þykja þó fremur renna stoðum undir aðild ákærða en hitt.

Ákærði bar sjálfur talsverða áverka, sem hann gat ekki skýrt að frátöldum skýringum hans á mari á ristum, en eins og áður segir standast þær skýringar hans ekki að virtum framburði vitnanna G og L. Benda áverkar á ákærða til þess að hann hafi innan 24 stunda slegið margsinnis með hnefum og sparkað með ristum sínum í fremur harðan óreglulegan flöt og skv. framburði og matsgerðum L falla áverkarnir að því að ákærði hafi lent í átökum við annan mann, en ekki hefur ákærði sjálfur viljað kannast við neitt slíkt að frátöldum samskiptum sínum við brotaþola fyrir utan Lundann, en ljóst er að þessir áverkar urðu ekki þá.

Samkvæmt mjög skýrum og afdráttarlausum framburði L við aðalmeðferð passar mynstraður margúll á enni brotaþola algerlega við mynstur neðan á skóm ákærða. Lýsti vitnið þessu við aðalmeðferð jafnframt með myndum svo að ekki verður um villst að mynstrið á enni brotaþola og skóm ákærða er hið sama. Að mati dómsins

dregur ekki úr sönnunargildi þessa sú staðreynd að matsmaðurinn hafi ekki getið þessa í matsgerð sinni, en á því gaf matsmaðurinn skýringar við aðalmeðferð og eru skýringarnar trúverðugar. Vissulega hefði farið betur á því að þetta hefði komið fram í matsgerðinni, en allt að einu þykir óhjákvæmilegt að horfa til þessa í samræmi við þá meginreglu sakamálaréttarfars að leiða í ljós hið sanna og rétta. Þá ber að geta þess að óhjákvæmilegt var að mati dómsins að lagðar yrðu fram þær myndir sem vitnið notaðist við við skýrslugjöf sína, en þær liggja auk þess fyrir á disk í málinu. Varð þessi framlagning ekki á neinn hátt til þess að rýra möguleika ákærða til varna.

Á skóm ákærða fannst blóð úr brotaþola. Það getur ekki hafa komið á skóna nema við tvö tilefni, þ.e. annars vegar fyrir utan Lundann og hins vegar fyrir utan Æ. Ákærði hefur sjálfur borið um það hjá lögreglu að engir áverkar hafi verið á brotaþola eftir atvikin fyrir utan Lundann og gat hann hjá lögreglu ekki gefið skýringar á blóðinu. Ekki fundust á vettvangi við Lundann nein ummerki um blóð. Ekkert vitni hefur getað lýst því að brotaþoli hafi borið áverka eftir atvikið við Lundann, eða verið blóðug. Vitnið R bar fyrst að engir áverkar hefðu verið á brotaþola, en kvaðst svo ráma í að það hafi verið en gat ekki lýst því neitt nánar eða hvar á líkama hennar það hafi verið. Vitnið M gat ekki lýst því að brotaþoli hafi verið með áverka og var ekki viss hvort hann hefði séð framan í brotaþola. Vitnin X og D gátu heldur ekki lýst því að blóð hafi verið á brotaþola eftir viðskipti hennar við ákærða fyrir utan Lundann. Verður að byggja á því við úrlausn málsins að afar ósennilegt sé, og fast að því útilokað, að á brotaþola hafi komið blæðandi áverki þegar hún og ákærði áttust við fyrir utan Lundann. Stendur þá ekki annað eftir en að blóðið hafi komið á skó ákærða fyrir utan Æ, en það er í algeru samræmi við framburð og matsgerð L um að annar blóðbletturinn sé sletta sem hafi komið á skóinn við það að skórinn hafi verið í mikilli nálægð við flöt sem þegar var blóðugur og sem fékk á sig högg.

Þá liggur fyrir að þegar lögregla kom heim til ákærða kl. 05:45 þá skýrði [...] hans frá því að ekki væri svo langt síðan hann hefði komið heim.

Að virtum framburði J um ástand á fatnaði brotaþola og atvikum að öðru leyti þykir vera hafið yfir allan vafa að brotaþoli klæddi sig ekki sjálf úr fötum sínum.

Þá er hafið yfir allan vafa með framburðum lækna og læknisvottorðum, sem og framburði L, að brotaþoli hlaut umrætt sinn alla þá áverka sem lýst er í ákæru. Að virtum framburði G og vottorði hans er jafnframt sannað að brotaþoli hlaut þá ofkælingu sem lýst er í ákærinni, en hann lýsti jafnframt því mati sínu að brotaþoli

hefði ekki lifað nóttina af til morguns við þær aðstæður sem hún var í þegar hún fannst, en hún var með öllu bjargarlaus og í lífshættu.

Af hálfu ákærða hefur verið vísað til þess að rannsókn lögreglu hafi einungis beinst að honum og að lögregla hafi strax gefið sér að hann væri hinn seki í málinu og að ekki hafi þess verið gætt að horfa jafnt til þeirra atriða sem horfa til sektar og sýknu. Á þetta verður ekki fallist. Að mati dómsins var eðlilegt og rökrétt að á ákærða félli grunur eftir að í ljós kom að hann hefði veist að brotþola fyrir utan Lundann skömmu áður en brotþoli fannst stórslösuð í mínútu göngufæri frá Lundanum. Þá liggur fyrir t.d. í framburði P lögreglumanns að kannað var með mannaferðir og reynt að afla upplýsinga með því að ganga hús úr húsi í nágrenni við vettvang til að upplýsa málið. Verður ekki séð að rannsókn lögreglu hafi verið í ósamræmi við lög eða hlutdræg.

Að virtu öllu framangreindu þykir vera hafið yfir allan skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar, en skv. nýju framlögðu sakavottorði hans hefur honum einu sinni áður verið refsað fyrir refsiverðan verknað, en þann 21. júní 2019 var ákærði dæmdur í Landsrétti til að sæta fangelsi í 6 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir tilraun til ráns. Ber því nú að gera ákærða hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæma upp hina fyrri refsngu og gera ákærða refsingu í einu lagi, sbr. 60. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að árás ákærða var að tilefnislausu og ofsafengin, en hann klæddi jafnframt brotþola öllum fötum með harðræði og skildi hana eftir bjargarlausa með öllu. Þá er óhjákvæmilegt að líta til þess að all langt er um liðið án þess að ákærða verði um þann drátt kennt. Að öllu þessu virtu þykir hæfilegt að ákærði sæti fangelsi í 6 ár, sem ekki kemur til álita að binda skilorði. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að draga frá refsingu ákærða gæsluvarðhald sem hann sætti undir rannsókn málsins, frá 21. september 2016 til og með 28. september 2016, með fullri dagatölu.

Í árás og háttsemi ákærða gagnvart brotþola umrætt sinn felst ótvíræð ólögmat meingerð gegn henni í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ber ákærða að greiða henni miskabætur vegna þess og eru bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 3.500.000 og skulu bera vexti og dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði, en ekki

verður séð að ákærða hafi verið birt bótakrafan fyrr en við þingfestingu 13. september 2018, en þá mætti þáverandi verjandi ákærða fyrir dóminn.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar sbr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt yfirlitum um útlagðan kostnað vegna rannsóknar nam sá kostnaður kr. 1.620.899 og ber ákærða að greiða hann. Þá ber ákærða að greiða þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns, kr. 1.330.148 að meðtöldum virðisaukaskatti auk aksturskostnaðar hennar og útlagðs kostnaðar kr. 81.900. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, en fyrst var Aníta Óðinsdóttir lögmaður skipuð verjandi ákærða, en síðar var hún leyst undan verjandastarfanum og Lúðvík Bergvinsson lögmaður skipaður verjandi hans. Eru málsvarnarlaun Anítu ákveðin kr. 2.847.240 að meðtöldum virðisaukaskatti og ber ákærða að greiða þann kostnað auk aksturs- og ferðakostnaðar hennar kr. 97.850. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lúðvíks Bergvinssonar lögmanns kr. 2.192.320 að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar hans, kr. 57.420. Ekki verða fleiri lögmönnum en skipuðum verjendum dæmd málsvarnarlaun.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, Hafsteinn Oddsson, sæti fangelsi í 6 ár.

Frá refsingu ákærða ber að draga, með fullri dagatölu, gæsluvarðhald ákærða frá 21. september 2016 til 28. september 2016.

Ákærði greiði A, kr. 3.500.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. september 2016 til 13. október 2018, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, alls kr. 8.227.777, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Anítu Óðinsdóttur lögmanns, kr. 2.847.240 að meðtöldum virðisaukaskatti og aksturs- og ferðakostnaður verjandans kr. 97.850 og jafnframt þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Lúðvíks Bergvinssonar lögmanns, 2.192.320 að meðtöldum virðisaukaskatti, og jafnframt meðtalinn aksturskostnaður hans, kr. 57.420. kr., en jafnframt þ.m.t. þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns, kr. 1.330.148 að meðtöldum virðisaukaskatti og aksturskostnaður hennar og útlagður kostnaður kr. 81.900.

Sigurður G. Gíslason